

Föstudagur 29. desember

DV



SJÓNVARP 1

- 17.50 **Gosi.** (Pinocchio). Lokapáttur. Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.25 **Að vita meira og meira.** (Cantinflas). Bandarískar barnmyndir af ýmsu tagi þar sem blandað er gamni og alvöru. Þýðandi Reynir Harðarson.
- 18.50 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Yngismær (46).** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
- 19.20 **Bleiki pardusinn.** (The Pink Panther). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Ólafur B. Guðnason.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Anna. 5. þáttur.** Þýskur framhaldsmyndaflokkur um Önnu balletdansmey. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
- 21.25 **askana látið.** Dagskrá um matarhætti Íslendinga að fornu og núju; annar þáttur. Fyrsti þáttur var fluttur á þorra 1989. Umsjón Sigmar B. Hauksson.
- 22.10 **Derrick.** (Derrick). Aðalhlutverk Horst Tappert. Þýðandi Veturliði Guðnason.
- 23.10 **Grái flóringurinn.** (Twice in a Lifetime). Bandarísk bíómynd frá árinu 1985. Leikstjóri Bud Yorkin. Aðalhlutverk Gene Hackman, Ann-Margret, Ellen Burstyn, Ann Madigan, Ally Sheedy og Brian Dennehy. Miðaldrá eiginmaður og fjölskyldufaðir telur að neistann vanti í hjónabandið og leitar á önnur mið. Það leiðir til glundroða í fjölskyldu hans. Þýðandi Kristmann Eirsson.
- 00.50 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



- 15.20 **Sambúðarraunir.** The Goodbye Girl. Paula kemur heim einn daginn og er þá sambylismaðurinn á bak og burt. Ekki nóg með það, stuttu seinna birtist kunningi hans og bara flytur inn. Aðalhlutverk: Richard Dreyfuss, Marsha Mason og Quinn Cummings.
- 17.05 **Santa Barbara.**
- 17.50 **Höfningavik.** Framhaldsmynd í átta hlutum. Fimmti hluti.
- 18.45 **A la carte.** Skúli Hansen ætlar að sýna okkur hvernig matbúa má rjúpur.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttamaföllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
- 20.30 **Geimfálurinn.** Alf.
- 21.20 **Sokkabönd í stíl.** Annáll ársins. Umsjón: Margrét Hrafnadóttir.
- 21.50 **Akureldar.** Fields of Fire. Bresk-áströlsk framhaldsmynd í tveimur hlutum. Seinni hluti. Aðalhlutverk: Todd Boyce, Melissa Docker, Anna Hruby og Kris McQuade.
- 23.05 **Svikin.** Intimate Betrayal. Julianne og Michael eru hamingjusöm hjón, eða svo hefur virst þar til einn daginn birtist ókunngur maður sem virðist eiga eitthvað ósagt við Michael vegna myndar sem hann hefur undir höndum. Aðalhlutverk: James Brolin, Melody Anderson, Pamela Bellwood og Morgan Stevens.
- 00.40 **Nítján raubar rósir.** Nitten Röder Roser. Myndin fjallar í stuttu máli um mann sem hefur í geggu að hefna unnu sinnar sem lést í umferðarslysi er ölváður maður ók á hana. Aðalhlutverk: Henning Jensen, Poul Reichardt, Ulf Pilgaard, Jens Okking og Birgit Sadlin.
- 2.25 **Óblið örlög.** From Hell to Victory. Fjórir vinir lentu eins og svo margir aðrir á vígvellinum í seinni heimsstyrjöldinni. Þeir fögnuðu vel heppnaði róðrarferð á ánni Signu og einsettu þeir sér að muna þann dag og fagna honum álega. Þessi dagur var 24. ágúst árið 1939. Aðalhlutverk: George Hamilton, George Peppard, Jean Pierre Cassel og Horst Bucholz.
- 4.05 **Dagskrárlok.**

Rás 1
FM 92,4/93,5

- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfreginir.** Auglýsingar. Tónlist.
- 13.00 **Í dagsins önn.** – Á sjötta degi. Umsjón: Óli Örn Andreassen.
- 13.30 **Miðdegissagan:** Samastaður í tilverunni eftir Málfriði Einarssdóttur. Steinunn Sigurðardóttir les (13).
- 14.00 **Fréttir.**
- 14.03 **Ljúfingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað að faranótt fimmtudags kl. 3.00.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Sjómannslíf.** Sjöundi þáttur af átta um sjómenn í íslensku samfélagi. Umsjón: Einar Kristjánsson.

son. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi.)

- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.**
- 16.08 **A dagskrá.**
- 16.15 **Veðurfreginir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið.** – Börnin horfa til baka. Umsjón: Örn Ingi.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdegi.** – Rossini, Dvorák Vaughan Williams og fl.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Að utan.** Fréttapáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **A vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Jón Örmur Halldórsson. (Einnig útvarpað að faranótt mánudags kl. 4.40.)
- 18.30 **Tónlist.** Auglýsingar.
- 18.45 **Veðurfreginir.** Auglýsingar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Auglýsingar.**
- 19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir liðandi stundar.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Ævintýri á jólanótt eftir Ölgu Guðrúnu Arnadóttur. Einn sólarhringur í landi við enda vetrarbrautarinnar.



Dizzy Gillespie á tónleikum í Háskólabíói 11 febrúar 1979.

Rás 2 kl. 20.30:

Á djasstónleikum

Í kvöld eru síðustu djasstónleikar ársins í Ríkisútvarpinu og eru þeir helgaðir meistara Dizzy Gillespie. Hann er nú 72 ára gamall og einn af örfáum stórmeisturum djasssögunnar sem enn er á lífi. Hann kom til Íslands fyrir tíu árum og hélt tónleika í Háskólabíói á vegum Jassvakningar.

Við heyrum þrjá ópusa frá þeim tónleikum og hverfum síðan til Frakklands en þangað fór Dizzy tvisvar í ár. Í fyrsta skiptið var hann með stórsvett sinni og voru Jon Faddis og Paquito D'Rivera í hópi hljóðfæraleikara og í seinna skiptið var hann með septett sínum og altsaxófónleikarans Phils Woods.

Það er sterk sveifla og mikil gleði í þessari tónlist og Dizzy reynt af sér brandara að vanda og Jon Faddis djassrappar í Night in Tunisia. Umsjónarmaður þáttarinnar er Vernharður Linnet.

- 20.15 **Hjómplöturabb.** Þorsteins Hannessonar.
- 21.00 **Vestfirsk vaka.** a. Rætt við Sigurveigu Jónsdóttur, fyrrum húsfreyju á Nauteyri við Ísafjörddjúp, b. Vestfirsk skáld og sagnaritun. Umsjón: Hlynur Þór Magnússon sagnfræðingur. c. Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður segir frá æskuárum sínum og sumardvöl hjá skyldfólki á Galtarvita. Tryggvi Tryggvason og söngfélagar hans syngja í þættinum. Umsjón: Guðjón Brjánsson. (Frá Ísafirði)
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Að utan.**
- 22.15 **Veðurfreginir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Danslög.**
- 23.00 **Kvöldskuggar.** Jónas Jónasson sér um þáttinn.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Ömur að utan:** rhundredets kjrlekssaga (Astarsaga aldarinnar) eftir Mrte Tikkanen. Höfundurles. Umsjón: Signý Pálsdóttir.
- 01.00 **Veðurfreginir.**
- 01.10 **Næsturútlarp á báðum rásum til morguns.**



RÁS 2 FM 90,1

- 12.45 **Umhverfis landið á áttatiu.** með Gestí Einarí Jónassyni. (Frá Akureyri)
- 14.03 **Hvað er að gerast?** Lís Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmöldum.
- 14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Dagur Gunnarsson kl. 15.03.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægumálútlarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffisjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
- 18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91-38500.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**

- 19.32 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskálög. (Einnig útvarpað kl. 03.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
- 20.30 **Á djasstónleikum.** – Dizzy Gillespie í Háskólabíói og Frakklandi. Kynnir er Vernharður Linnet. (Einnig útvarpað að faranótt föstudags kl. 3.00.)
- 21.30 **Afram Island.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
- 22.07 **Kaldur og klár.** Óskar Páll Sveinsson með allt það nýjasta og besta.
- 02.00 **Næsturútlarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTLARP

- 02.00 **Fréttir.**
- 02.05 **Rökk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið úrval frá þriðjudagskvöldi.)
- 03.00 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjó-

asti föstudagurinn á árinu. Hvað gerist þá?

- 18.00 **Þátturinn ykkar.** Málefni liðandi stundar tekin fyrir og fólk hringir inn og tjáir sig. Í dag tókum við aðvitað fyrir árið sem er að liða, 1989.
- 19.00 **Elkert kjaftæði.** stanslaus tónlist.
- 20.00 **Kristófer Helgason.** Kristó kemur ykkur í rétta skapið.
- 22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Nýbylgjuþoppíð á sínum stað. Farið verður yfir árið sem er að liða og bestu og vinsælustu lög-in leikin.
- 24.00 **Björn Sigurðsson.** Nú fer hver að verða síðastur að velja óskálögíð sitt á þessu ári.
- 3.00 **Arnar Albertsson.** Hann kemur manni alltaf til að hlægja.



- 13.00 **Jóhann Jóhannsson.** Gæðapopp og óskálög ráða ríkjum.
- 16.00 **Sigurður Ragnarsson.** Hress, kátur og birtir upp skammdegið.
- 20.00 **Kiddi Bigfoot.** Tónlist og still sem á sér engar hliðstæður.
- 23.00 **Valgeir Vilhjálmsson.** Nýkominn úr keilu, hress og kátur.



- 12.00 **Að hætti hússins.** Umsjón Ólafur Reynisson.
- 12.30 **Þorgeir Astvaldsson.** Þægileg tónlist í dagsins önn.
- 16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.**
- 18.00 **Íslensk tónlist** að hætti Aðalstöðvarinnar.
- 19.00 **Anna Björk Birgisdóttir.**
- 22.00 **Kertaljos og kaviar.** Gunnlaugur Helgason.
- 2.00 **Næturdagskrá.**



- 12.00 **Another World.** Framhalds-flokkur.
- 12.55 **General Hospital.**
- 13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuóp-era.
- 14.45 **Loving.**
- 15.15 **Young Doctors.** Framhaldsþáttur.
- 15.45 **Teiknimyndir.**
- 16.00 **Poppþáttur.**
- 17.00 **Sky Star Search.** Hæfileika-keppni.
- 18.00 **The New Price is Right.** Getrauna-leikur.
- 18.30 **Sale of the Century.** Getrauna-leikur.
- 19.00 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
- 20.00 **Riptide.** Spennumyndaflokkur.
- 21.00 **Hunter.** Spennumyndaflokkur.
- 22.00 **All American Wrestling.**
- 22.00 **Fréttir.**
- 23.30 **The Deadly Earnest Horror Show.** Hryllingsþáttaröð.



- 14.00 **My Dad Can't be Crazy.**
- 15.00 **The Boy Who Loved Trolls.**
- 16.00 **Hiroshima Maiden.**
- 17.30 **Saving Grace.**
- 19.40 **Entertainment Tonight.**
- 20.00 **Spies, Lies and Naked Thighs.**
- 22.00 **The Morning After.**
- 23.45 **Mona Lisa.**
- 01.30 **The Hitchhiker.**
- 02.00 **The Dead Zone.**
- 04.00 **The Shadow of Chikara.**



- 12.00 **Fótbolti.** Heimsmeistarakeppni unglinga í Saudi-Arabíu
- 13.00 **Mótorhjólakappakstur.**
- 14.00 **Krikket.** Vestur Indíu-Pakistan.
- 15.00 **Snóker.**
- 16.00 **Hjólreiðar.** París-Roubaix.
- 17.00 **Rugby.**
- 18.00 **Hafnabolti.**
- 19.00 **Tennis.** Keppni landsliða í Ástralíu.
- 21.00 **Golf.** Helstu atburðir ársins.
- 22.00 **Rall.** París-Dakar.
- 22.15 **Heading for Glory.** Heimsmeistarakeppnin 1974.
- 0.15 **Rall.** París-Dakar.




- 13.00 **Karate.**
- 14.00 **Powersport International.**
- 15.00 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
- 16.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur vikunnar.
- 18.00 **Rugby.** Wigan-St. Helens.
- 19.30 **Ishokki.** Leikur í NHL-deildinni.
- 21.30 **Kérubolti.** Seton Hall-Michigan.
- 23.00 **Dagur í lífi ískökkleikara.**
- 24.00 **Hnefaleikar.**

Rás 1 kl. 21.00:

Vestfirsk vaka

Guðjón Brjánsson sér um Vestfirsk vöku. Þar ræðir hann við Sigurveigu Jónsdóttur sem stendur á ní-ræðu, en hún er fyrrum húsfreyja á Nauteyri við Ísafjörddjúp. Guðjón og Sigurveig ræða meðal annars um menningar og félagslífi þar gegnum árin, gamlar sagnir og kynni Sigurveigar af Sigvalda Kaldalóns sem var læknir um nokkurra ára skeið í Nauteyrarhéraði. Flestir þekkja hann þó án efa fyrir tónsmíðar hans en hann samdi einmitt nokkrar af þeim

sínum á þessum árum, svo sem „Ég lít anda liðna tíð“ og „Svanurinn minn syngur“. Þá mun Hlynur Þór Magnússon sagnfræðingur fjalla um vestfirsk skáld og sagnaritun og Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður segja frá æskuárum sínum og sumarvist hjá frændfólki á Galtarvita. Á vökunni verða leikin lög sem tengjast áramótum, álfum og gleðskap með Tryggva Tryggvassyni og félögum, en Tryggvi átti rætur sínar að rekja til Vestfjarða.



Sigmar B. Hauksson sér um þátt er fjallar um mat, í kvöld.

Sjónvarp kl. 21.25:

Matarhættir Íslendinga

Nauðpurftasamfélag fyrri alda kenndi Íslendingum ýmis þau úrræði í matargerð sem nægtarþjóðfélag tuttugustu aldar misvirðir og hefur raunar týnt niður að mestu.

Í fjórum þáttum, er Sigmar B. Hauksson hefur gert fyrir Sjónvarpið, leitar hann fanga í eldaskáldum fyrri alda, gægist í pottana og rifjar upp sitt af hverju sem forfeður vorir nærðust á, en

löngu er horfið af matseðlum Íslendinga.

Í kvöld er á dagskrá annar þátturinn í þessari syrpu Sigmar og fjallar hann þar um mataræði og venjur héraðs frá síðustu áratugum hinnar nítjándu aldar og fram undir miðja tuttugustu öldina, en eins- og alþjóð er kunnugt, breyttust neysluvenjur mjög á þessu tímabili.

Stöð 2 kl. 23.05

Svikin

Ótrúr eiginmaður

Á yfirborðinu virðist allt leika í lyndi hjá ungu hjónunum Julie og Michael en hann rekur vel þekktan veitingastað. Julie elskar eiginmann sinn út af lífinu en þegar mynd birtist af honum í blaði nokkru tekur líf þeirra stakkaskiptum. Þá kemur inn í líf þeirra ókunngur maður sem vill ná tali af Michael.

Michael flýr manninn en á flóttanum ferst hann í bílslysi, eða svo halda flestir.

Julie finnst hins vegar eitthvað gruggugt við þetta allt saman og ekki minnka grunsemdir hennar þegar hún kemst að því að eiginmaður hennar hafði leikið tveimur skjöldum. Þegar hún fer að athuga málið betur kemst hún að því að veitingastaðurinn er skuldum vafinn, sparífé hennar er horfið eins og döggr fyrir sólu og Michael hefur haldið við konu sem hann á jafnframt barn með.